

AÐALGATA 5, SAUÐÁRKRÓKI

Aðaluppdráttur

TEIKNINGASKRÁ


Stoð ehf. verkfræðistofa

Nr.	Heiti	Mkv.
A-100	Aðaluppdráttur - Afstöðumynd og byggingalýsing	1:500
A-101	Aðaluppdráttur - Grunnmynd og ásýndir	1:100

nóv. 2024

STOÐ EHF.
VERKFRÆÐISTOFA

AÐALGATA 21 s. 453-5050
550 SAUÐÁRKRÓKI fax. 453-6021
Netfang: stod@stodehf.is



M Loftmyndir ehf

AFSTÖÐUMYND MKV. 1:500

BYGGINGARLÝSING - GREINARGERÐ HÖNNUDAR AÐALUPPDRÁTTA

Aðalgata 5 - Sauðárkróki
Skráning skv. Þjóðskrá Íslands
Landnúmer: L143109
Fasteignanúmer: F2131099
Staðgreinin: 5716-1-00230050
Notkun: Varslun
Landstærð: 507.0 m²

Yfirlit:

Til stendur að koma fyrir nýjum aðalinnangi og glugga á suðurhlíð hússins þar sem varð umferðaróhapp sem endaði með að billi ók í gegnum úttegg. Hugmyndin er að nýta óhappið og færa innganginn í gatið sem myndast. Samhlíða því verður aðgengi bætt og hæðarmismun eytt með skábrautum. Við að færa innganginn á suðurhlíð og frá Aðalgötu er rýma um innganginn sem stendur mjög nálægt götu í dag. Í þá næst einnig betri tenging við útsvæði sem útbúið var við suðurhlíð mannvirkisins.

Þá verður núverandi inngangi breytt í glugga í sama stíl og þeir sem eru við hlíð inngangs.

Skábraut sem liggur að aðalinnangi verður hellulögð í sama stíl og aðliggjandi gangstéttar. Hleðslusteinar skilja að hæðarmismun.

Í skipulagi sem nú er í gildi er mannvirkíð og svæðið, þar sem koma á fyrir skábraut og útaðstöðu fyrir, á sitt hvorri lóðinni. Fyrirhugað er að sameina lóðirnar tvær undir sama lóðanúmer og bakariíð sjálf er á. Hitt lóðarnúmerið mun vera afnumið.

Forsendur hönnunar:

Eingöngu er heimilt að nota byggingarvörur sem hlotið hafa staðfestingu til nefnds aðila á samræmi eða CE-merktar, samanber kafla VIII í mannvirkjalögum.

Við endurbætur á húsnæðinu er unnið út frá byggingareglugerð HMS og gildandi byggingarstöðlum.

Helstu stærðir eru unnar út frá eignaskiptayfirlýsingu sem undirrituð var 2019 og út frá lóðarblaði sem gefið var út 2019 fyrir nærliggjandi lóðir.

Helstu stærðir eru eftirfarandi:

Stærð lóðar A fyrir sameiningu	m²	421,0
Stærð lóðar B fyrir sameiningu	m²	541,0
Stærð lóðar eftir sameiningu	m²	962,0
Brúttógrunnflötur mannvirkis	m²	757,3
Brúttógrunnflötur frystigáms	m²	20,9

Rúmmál mannvirkis	m³	2183,4
Rúmmál frystigáms	m³	58,1
Nettógrunnflötur mannvirkis	m²	688,0
Nettógrunnflötur frystigáms	m²	19,5
Nýtingarhlutfall lóðar eftir sameiningu lóða er 0,809		

A) Aðgengi/Lóð

Aðkoma að húsinu er úr suðaustri að loknum breytingum. Mannvirkíð hefur kvaðir um sameinlegt bílastæði norðaustan við bygginguna, ekið inn á bílastæði frá Skógargötu. Aðalinnangur verður frá suðri af nýrri verönd með skábraut. Úr húsinu eru sex útgönguleiðir. Tvær til vesturs úr starfsmannaaðstöðu, einnig er útgönguleiðir til norðurs og suðurs frá starfsmannaaðstöðu. Þá eru tvær útgönguleiðir frá afgreiðslurými bakarísins. Aðalinnangur til suðurs og flóttaleið til austurs úr sal fyrir viðskiptavini.

Útsvæði fyrir viðskiptavini er við suðurhlíð mannvirkis gengið inn á um nýtt aðgangssvæði fyrir framan aðalinnang.

B) Einangrun

Veljið gerð byggingarhluta		
Þak	U - gildi	Ein. Þykkt [mm]
Létt þak	0.20	212
Steyptir veggir		
Steyptir veggir einangraður að innan	0.40	86
Léttir veggir		
Léttir veggir	0.30	133
Gólf		
Steypt gólf með gólfgeisla (einföld einangrun)	0.30	74

C) Hljóðvist

Hljóðvistarkröfur miðast við 11. kafla byggingareglugerðar 112/2012 og í samræmi við ÍST 45 staðalinn.

D) Brunahönnun

Eldvarnir eru unnar út frá kröfum í 9. kafla byggingareglugerðar 112/2012 og skulu leiðbeiningablöð unnin af Húsnæðis- og mannvirkjastofnunnar hófi til hlíðsjónar. Allt efni og vinna skal vera í samræmi við reglugerð og viðkomandi staðla. Stökkvitæki er við aðalinnangang og reykskynjari samkvæmt grunnmynd. Björgunarpur eru í öllum svefnrymum. Ekki er átt við flóttaleiðir né eldvarnir í framkvæmdinni að öðru leiti en að færa flóttaleið um aðalinnanganginn frá austurvegg á suðurvegg.

E) Byggingarefni/burðarvirki

Byggingin er hönnuð skv. kröfum byggingareglugerðar 112/2012, kafla 8, *Burðarþol og stöðugleiki*. Sjá nánar í gögnum burðarþolshönnuðar.

Grundun:

Ekki er átt við grundun í verkinu.

Sökkjar og gólf:

Ekki er átt við sökkulaggröf né gólfplötu í mannvirkinu en komið verður fyrir staðsteyptum járnþentum undirstöðum undir hlaðna vegg til að taka á hæðarmun á gólf mannvirkis og lóðarfrágang. .

Útveggir/innveggir:

Uppbygging á útveggjum er úr timbri. Veggjagrindur eru timburgrindur úr 45x145mm timburstöðum, einangrað er á milli stöða með 150mm steinullareinangrun. Utan á timburgrind kemur 9mm krossviðarplata, loftunarbíl milli 21x45mm lehta klædd með láréttri timburklæðningu í stíl við núv. timburklæðningu.

Innan á timburgrind kemur rakavarnarlag, lagnagrind 21x45 klædd með krossvið og gíspötum.

Þak:

Ekki er átt við þakvirki hússins í framkvæmdinni.

Gluggar/hurðir:

Gluggar og hurðir verða hefðbundnir timburkarmar klæddir að utan með áli. Fög og gönguhurðir verða úr harðvið. Karmar verða frágengnir og þéttir samkvæmt fyrirmælum framleiðanda. Gler er tvöfalt K-gler. Gluggar sem ná niður að gólf skulu vera með öryggisgleri.

Gluggar og hurðir eru í ljósum RAL lit. Kólnunartala glugga skal vera < 1,3 W/m²°C° Kólnunartala hurða skal vera < 1,6 W/m²°C°


F) Loftræsing

Breytingar á opnun hafa ekki áhrif á loftun mannvirkis.

G) Lagnir

Allar lagnir eru hannaðar með hlíðsjón af kröfum í 14. kafla byggingareglugerðarinnar 112/2012, *Lagnir og tæknibúnaður*. Við hönnun er gætt að þægindum notenda, öryggi, aðgengi, orkunýtingu og umhverfis og hollustuhætti byggingarinnar. Allar lagnir eru steypptar í plötu með rör í rör kerfi samkvæmt uppdráttum lagnahönnuða.

SKÝRINGARMYND MKV. 1:500



FRAMKVÆMDASVÆÐI

Bjarkarstígur

Aðalgata

Frárennislagnir:

Frárennili í jörð eru PVC lagnir. Lagnir ofan gólfplötu eru PP lagnir. Skólp, þakvatn, jarðvatn og grávatn er leitt í frárennisliskerfi bæjarins (Sauðárkróks). Sjá útfærslu lagnahönnuðar.

Hitakerfi/neyslukerfi:

Ekki er átt við hitakerfi hússins en gert er ráð fyrir að koma snjóbræðslulögnum fyrir í skábraut og svæði fyrir framan aðalinnanganginn.

Raflagnir:

Raflagnir eru hannaðar með hlíðsjón af kröfum byggingareglugerðar 112/2012, kafla 14.7, *Raflagnakerfi og raforkuvirki*, stuðst er við staðlana ÍST 150 og ÍST 151 við hönnun raflagna. Við brunapéttingu og brunahönnun raflagna er stuðst við ÍST EN 54 og leiðbeiningarblöð Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

Öllum lögnum er ýmist komið fyrir í lagnagrind og þær klæddar af með veggjaklæðningu eða þær eru steypptar inn í gólfplötu. Sjá lagnauppdrátti raflagnahönnuðar. Öll lýsing skal uppfylla kröfur byggingareglugerðar.

Hönnunarstjóri og burðavirkis- og lagnahönnuður:

Stoð ehf. verkfræðistofa, Sigurður Óli Ólafsson hönnunarstjóri

Stoð ehf. verkfræðistofa, Sigurður Óli Ólafsson burðavirkis- og lagnahönnuður.


Skýringar:

EV	Eldhúsvaskur
SB	Sturta
BK	Baðkar
VS	Vatnssalerni
HL	Handlaug
RV	Ræstivaskur
GN	Gólfniðurfall
ÚK	Útikrani
RE	Reykskynjari
ET	Eldvarnarteppi
SL	Stökkvitæki
FL	Flóttaleiðir
BO	Björgunarpur

Skýringartöflu er skilað á rafrænu formi.

STOÐ VERKFRÆÐISTOFA Aðalgötu 21, 550 Sauðárkróki sími 458-5050 stoð@stodehf.is www.stodehf.is Áritun hönnuðar / ábyrgðarmanns Kt.150481-4659	Verk:	Aðalgata 5 - Sauðárkróksbakari, endurbætta aðkoma					
	Verkpáttur:	Aðaluppdráttur - Afstöðumynd og byggingalýsing					
	Unnið fyrir:	Sauðárkróksbakari	Verknr.:	75090200			
	Hannað:	Sigurður Óli	Teiknað:	SOÓ	Mælikvarði:	1:500	Uppdráttur nr.:
Útgáfudagur:	20.11.2024	Breyting:	Nr. Dags.	Útgáfudagur:	20.11.2024	Prentað:	13. Dec 2024

GRUNNMYND MKV. 1:100



ÁSÝNDARMYND SUÐURHLIÐ



ÁSÝNDARMYND AUSTURHLIÐ



SUÐURHLIÐ MKV. 1:100



AUSTURHLIÐ MKV. 1:100

STOÐ EHF.
VERKFRÆÐISTOFA
 Aðalgötu 21, 550 Sauðárkróki
 sími 458-5050 stod@stodehf.is
 www.stodehf.is

Áritun hönnuðar / ábyrgðarmanns

Kt.150481-4659

Verk:	Aðalgata 5 - Sauðárkróksbakari, endurbætta aðkoma		
Verkpáttur:	Aðaluppdráttur - Grunnmynd og ásýndir		
Unnið fyrir:	Sauðárkróksbakari	Verknr.:	75090200
Hannað:	Sigurður Óli	Mælikvarði:	1:100
Teiknisrá:	75090200_Sauðárkróksbakari_Endurbætur.dwg	Bláðstærð:	A2
Útgáfudagur:	20.11.2024	Breyting:	Nr. Dags.
		Prentað:	13. Dec 2024

A-101